

Reykjavík, 3. ágúst 2010

Til

**Þingnefndar, sem fjallar um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis
b.t. formanns nefndarinnar, hr. Atla Gíslasonar
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík**

Stjórn Samtaka Stofnfjáreigenda í BYR Sparisjóði fer þess á leit við þingnefndina að sett verði á fót nefnd til að rannsaka fall sparisjóðanna í landinu.

Rannsóknarnefnd þessi hafi sömu valdheimildir og rannsóknarnefnd Alþingis, sem skilaði skýrslu þann 11. apríl 2010.

Það er með ólíkindum að sparisjóðir, sem í eðli sínu eru ekki áhættusæknar stofnanir, skuli hafa lent í höndum fjárglæframanna með þeim afleiðingum, sem blasa við. Þetta þarf að rannsaka á sama hátt og aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 voru rannsökuð, þar sem ríkið hefur heitið því að leggja fram stofnfé til að endurreisa sparisjóði, sem nú eru ekki starfhæfir eftir fjármálahrún.

Því miður var það svo að rannsóknarnefnd um bankahrún lét að mestu staðar numið við rannsókn á hrúni fjármálakefis með því að skila skýrslu um aðdraganda að falli bankanna. Vissulega mun margt í þeirri rannsóknarskýrslu koma að gagni í áframhaldandi rannsókn.

Það er ekki er síður mikilvægt að rannsakaðir verði ofan í kjölinn þeir atburðir, sem hafa orðið eftir október 2008 og lýsa sér m.a. í ásökunum um misnotkun á fjármunum sparisjóða og innherjasvik. Í þessu samhengi skal bent á að fyrstu ákærur Embættis Sérstaks Saksóknara sneru að viðskiptum með stofnfé Byrs Sparisjóðs, þar sem margt virðist benda til að innherjar hafi misnotað aðstöðu sína til fjárhagslegs ávinnings. Ennfremur bendir margt til þess að sömu leikendur komi við sögu í hrúni sparisjóðanna og bankanna.

Stjórn Samtaka stofnfjáreigenda í Byr Sparisjóði telur rétt að væntanleg rannsókn beinist að eftirfarandi atriðum í aðdraganda að falli sparisjóðanna.

1. Rannsakað verði sérstaklega formbreyting á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis úr sparisjóði í SPRON Banka hf. og viðskipti með stofnfjárbréf í þeim aðdraganda, bæði stjórnarmanna og annarra.
2. Að rannsökuð verði sérstaklega viðskipti með hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. í árslok 2007, þar sem kaupendur voru valdir sparisjóðir en líkur benda til að þau viðskipti hafi haft veruleg áhrif á fall annarra sparisjóða. Jafnframt verði rannsökuð sérstaklega viðskipti með svokölluð „ástarbréf“, en það voru skuldabréf fjármálastofnana, sem notuð voru í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands og leiddu til verulegra útlánatapa hjá Seðlabankanum.
3. Að rannsökuð verði sameining Sparisjóðs vélstóra, Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs Kópavogs á árinu 2007 og aukning á stofnfé með lánveitingum frá Glitni Banka hf. til að fjármagna þá aukningu á stofnfé.

4. Að rannsókuð verði töp annarra sparisjóða, sem leitt hafa til þess að nauðsynlegt reynist að íslenska ríkið leggi þeim til nýtt stofnfé.


Að sjálfsögðu er þessi upptalning ekki endanleg. Því þarf hin væntanlega rannsóknarnefnd að hafa víðtækar rannsóknarheimildir í erindisbréfi sínu.

Beiðni þessi er lögð fram af tveimur ástæðum:

1. Mjög margir einstaklingar og fyrirtæki tókust á hendur miklar skuldbindingar til að fjármagna kaup sín á stofnfjárbréfum, sem eru verðlaus í dag. Heilu byggðarlögin eru sár vegna þessa þannig að við borð liggur auðn.
2. Það er óásættanlegt að íslenska ríkið veiti framlög til að auka stofnfé í nokkrum sparisjóðum án þess að fyrir liggja ástæður þess að sparisjóðirnir töpuðu svo að þeir þurfa á stofnfé að halda.

Stjórn Samtaka stofnfjáreigenda í Byr Sparisjóði væntir þess að hæstvirt þingnefnd taki þessari máleitan vel og leggi til við hið háa Alþingi og forsætisnefnd þess að rannsóknarnefnd með þetta markmið verði skipuð.

Með vinsemd og virðingu,



Vilhjálmur Bjarnason
Stjórnarmaður í Samtökum stofnfjáreigenda í Byr Sparisjóði.

GSM 895 6280

vb@hi.is

Rafræn afrit send til:

Forseti Alþingis, frú Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Fjármálaráðherra, hr. Steingrímur J Sigfússon
Efnahags- og viðskiptaráðherra, hr. Gylfi Magnússon Ph.D.